



Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 14. mars 2019
2019030077 / 01-106-05

Efni: Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 86. mál 2019

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 14.3.2019 gert eftirfarandi bókun:

Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 86. mál

2019030077

Lagt fram til kynningar erindi dagsett 6. mars 2019 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 86. mál 2019.

*Bæjarráð samþykkir með 4 samhljóða atkvæðum eftirfarandi bókun:
Bæjarráð Akureyrar tekur undir þingsályktunartillögu þess efnis að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar og er afstaða bæjarráðs einróma í þá veru að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli vera áfram í Vatnsmýrinni í Reykjavík uns jafngóður eða betri kostur verði tilbúinn til notkunar. Þá tekur bæjarráð undir greinargerð sem fylgir þingsályktunartillögunni. Reykjavíkurlugvöllur gegnir mikilvægu og fjölþættu hlutverki í samgöngum íbúa Akureyrarbæjar, þá er tilgangur hluta ferðanna að sækja lækniþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og tengist staðsetning flugvallarins þannig brýnum öryggishagsmunum almennings. Þá gegnir flugvöllurinn einnig lykilhlutverki í tengingu landsbyggðanna við opinbera grunnþjónustu og mikilvægar opinberar stofnanir, sem flestar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd bæjarstjóra

Elva F. Einarsdóttir

Elva Björk Einarsdóttir
sérfræðingur á skjalasafni

